


Deiliskipulag Hraunvalla samþykkt 11. júlí. 2007. Mkv. 1:2000




Breyting á deiliskipulagi Hraunvellir. Mkv. 1:2000




Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016. Mkv. 1:50.000 m.s.br.

**SKÝRINGAR**

- Sumarhúsalóðir
- Byggingarreitir
- 1,1 ha — Lóðarstærðir
- Gönguleiðir
- Landamerki
- Mörk skipulagssvæðis
- Mörk breytingar

## BREYTING Á DEILISKIPULAG HRAUNVALLA

Gerð er breyting á samþykktu deiliskipulagi Hraunvalla. Tildrög breytingarinnar að fyrirhuguð er uppbygging ferðaþjónustu á jörðinni þar sem áformað er að byggja upp allt að 1000 $m^2$ gisti- og þjónusturými fyrir ferðamenn.

**UPPDRÁTTUR**

Á uppdrætti er bætt við nýjum byggingarreit fyrir þjónustubyggingu og hótelherbergi. Einnig er gönguleið færð út fyrir reitinn.

**GREINARGERÐ**

Gerð er breyting á greinargerð deiliskipulags Hraunvalla þar sem breytt er kafla 2.3. Húsagerðir og verður hann eftirfarandi ;

**2.3. Húsagerðir**

Íbúðarhús verða úr timbri á steyptum undirstöðum. Hús fyrir gistirými og þjónustubyggingar verða úr timbri á steyptum undirstöðum. Skemma verður úr stálgrind, klædd með yleiningum. Yfirbygging gróðurhúsa verður stálgrind með gleri og/eða plasti. Að öðru leyti gildir eftirfarandi:

Íbúðarhús: Íbúðarhús getur verið allt að 300 m2 að stærð á 1-2 hæðum. Mesta leyfilega þakhæð miðað við 2ja hæða hús er 8.3 m miðað við gólfhæð hússins.

Smáhýsi fyrir Gistingu: Gistihús geta verið í mismunandi stærðum, frá 15-60 m2 á einni hæð. Mesta leyfileg þakhæð er 5 metrar.

Þjónustubygging og hótelherbergi: Þjónustubygging m/hótelherbergjum getur verið allt að 600 m2 að stærð á einni hæð. Mesta leyfileg þakhæð er 8 metrar miðað við gólfhæð hússins.

Gróðurhús: Samanlögð stærð gróðurhúsa getur verið allt að 1000 m2. Mesta leyfilega þakhæð er 6 m miðað við gólfhæð húsanna.

Frístundahús. Heimilt er að byggja 2 hús á hverri frístundalóð. Sumarhús allt að 120 m2 og gestahús eða geymslu allt að 35 m2. Mesta leyfilega þakhæð húsanna er 4m miðað við gólfhæð.

Á grundvelli flóðahættu er gerð krafa um að byggingar verði ekki með kjallara og að gólfhæð verði ekki lægri en í 53,0 m y.s.

Bætt er við nýjum kafla;

**2.11. Verslunar- og þjónustusvæði**

Á lögbýlishluta svæðisins er gert ráð fyrir byggingu gistirýmis og þjónustubygginga, allt að 1.000 fm samtals. Hugsanleg staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis er sýnd til skýringar á afstöðu- og skýringaruppdrætti. Hús verði staðsett innan byggingarreits í samráði við byggingarfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Að öðru leyti gilda skilmálar úr deiliskipulagi Hraunvalla, samþykktu 11. júlí 2007.

Auglýst breyting á gildandi deiliskipulagi sem er auglýst, þ.e. veruleg breyting:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann ________________ 2016.

Tillagan var auglýst frá_______ 2016 með athugasemdafresti til ___________ 2016 . Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _______________ 2016.

______________________________________________

0 100 m

| BR. | DAGS. | BREYTING | TEIKN. |
|---|---|---|---|

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# DEILISKIPULAG -HRAUNVELLIR

BREYTING Á DEILISKIPULAGI GISTI- OG ÞJÓNUSTURÝMI

BREYTINGAR UPPDRÁTTUR

SKIPULAG: MÓ, MGJ
TEIKNAÐ: MÓ, MGJ
SAMÞYKKT
KT.

KVARÐI 1: 2000 | KÓPAVOGUR | dags. 30.03.2016

VERKNR. 8720-DL1501 | TEIKN. NR. D01 | BR.